

4. fundur stjórnar DKG - á Skype 27. febrúar 2014

Kl. 18:00

Mættar: Marsibil, Þorgerður, Krístrún og Guðbjörg.

Gestur fundarins var Ingibjörg Jóhannsdóttir formaður menntamálanefndar en nefndin annast undirbúning faglegrar dagskrár vorþingsins á Ísafirði.

Dagskrá fundarins:

1. *Liður:* Þingið á Ísafirði 10. maí. Ingibjörg sagði okkur frá hugmyndum að dagskránni og lagði hún vel í fundarkonur.
 - Mareka verður með erindi.
 - Svava Pétursdóttir: Hvernig er hægt að nota nýja miðla í skólastarfi?
 - Lýðræðiskennsla á Ísafirði.
 - Síðan er gert ráð fyrir þremur stuttum innleggum 20 mínútur hvert. Nokkrar hugmyndir eru á teikniborðinu og ein um að fá leikskólastjóra frá Ísafirði til að tala um eitthvað nýnæmi í skólastarfi hjá þeim til að koma líka til móts við leikskólakonurnar sem verða á þinginu.
 - Fab Lab kynnt.
 - Boðið verður upp á sögugöngu um Ísafjörð síðasta klukkutímann.
 - Þinginu lýkur kl. 15:50.
 - Borðað saman í Fjöruhúsinu kl. 18 þær sem eftir verða og þær sem vilja.
 - Tónlistaratriði verða.

Ráðstefnugjald verður 4000 kr. og dekkar fastan kostnað, hádegismat og kaffi.

Frjáls tími: Eftir þingið væri hægt að skoða Fab Labið ef konur vilja. Hugmynd sem kom upp en ekki víst að af verði.

Yfirheiti þingsins er ekki komið en nokkrar hugmyndir hafa verið viðraðar. Best að sjá fyrst hvernig endanleg dagskrá verður.

Guðbjörg sagði frá fyrirkomulagi á heimsókn Mareku sem kemur til landsins og verður á vorþinginu. Guðbjörg sagði líka frá því að hún væri að fara til Austin í erindagjörðum fyrir DKG.

2. *Liður:* Bréf sem barst. Þurfum að tilnefna nýjan aðila í Evrópunefndina. Ákveðið að auglýsa á síðunni okkar, lýsing á því sem felst í starfinu þarf að koma fram þar auk fleiri upplýsinga um starfið. Ef engin býður sig fram þá getur stjórnin farið að leita að konu.
3. *Liður:* Konur lýstu ánægju sinni með nýja kynningarbæklinginn sem var endurskoðaður. Hann var sendur á alla formenn deilda og nefnda auk stjórnarkvenna.

Fundi lauk kl. 18:50

Ritari

Þorgerður